

FOSSAR MARKAÐIR HF.

SIÐAREGLUR

Markmið og gildissvið

Markmið siðareglna þessara er að stuðla að heiðarleika, réttssýni og sanngirni starfsmanna Fossa gagnvart viðskiptavinum og öðrum starfsmönnum auk þess að efla traust á og trúverðugleika starfsemi Fossa. Reglurnar miða jafnframt að því að draga úr áhættu, einkum rekstrar- og orðsporsáhættu.

Siðareglurnar gilda um alla starfsmenn, stjórnendur og stjórn Fossa. Starfsmönnum ber að kynna sér reglurnar og fylgja þeim í hvívetna í störfum sínum fyrir Fossa.

Gildi Fossa

Starfsmenn skulu ávallt hafa gildi Fossa að leiðarljósi í störfum sínum. Gildi Fossa eru fagmennska, traust og árangur.

*Starfsmenn skulu hafa gildi Fossa að leiðarljósi í hvers kyns ákvörðunum.
Starfsmenn skulu huga að orðspori Fossa.*

Viðskiptahættir

Fagleg og traust þjónusta

Starfsmönnum Fossa ber að tryggja fagmennsku, áreiðanleika og traust í samskiptum við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila. Starfsmenn skulu vera heiðarlegir í störfum sínum og sinna skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt, af alúð og kostgæfni.

Starfsmenn skulu ekki nýta sér upplýsingar sem þeir kunna að fá í starfi í eigin þágu eða í þágu tengdra aðila.

Gæta skal jafnræðis á milli viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Þeim skal ekki mismunað á ólögætum eða ómálefnalegum forsendum. Starfsmenn Fossa skulu ávallt veita viðskiptavinum áreiðanlegar og skýrar upplýsingar.

*Fossar láta óréttmæta viðskiptahætti ekki viðgangast.
Starfsmenn koma fram við viðskiptavini af virðingu og heiðarleika.
Starfsmenn hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi við veitingu þjónustu.*

Trúnaður og þagnarskylda

Starfsmönnum Fossa ber ávallt að gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum og við meðhöndlun upplýsinga í störfum sínum. Viðskiptavinir Fossa geta treyst Fossum fyrir meðferð trúnaðarupplýsinga. Starfsmenn Fossa eru bundnir þagnarskyldu um hagi viðskiptavina sinna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

Fossar leggja áherslu á að byggja upp gott samband við viðskiptavinum sem byggist á fagmennsku og trausti. Starfsmönnum ber í því skyni að hlusta á þarfir viðskiptavina og taka mark á kvörtunum og ábendingum í samræmi við reglur Fossa.

*Fossar virða mikilvægi gagnsæis á fjármálamarkaði.
Starfsmenn nota aldrei trúnaðarupplýsingar í þágu eigin hagsmuna eða annarra.
Starfsmenn deila aldrei upplýsingum sem bundnar eru þagnarskyldu án samþykkis, nema lög mæli svo.*

Hagsmunaárekstrar

Fossar reyna eins og kostur er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins hvort sem er á milli viðskiptavina, viðskiptavina og starfsmanna eða félagsins.

*Starfsmenn eru meðvitaðir um þær aðstæður sem valdið geta hagsmunaárekstrum.
Starfsmenn þekkja innri reglur Fossa um hagsmunaárekstra.
Starfsmenn bera ábyrgð á að upplýsa um hagsmunaárekstra til regluvarðar.
Starfsmenn greina og eftir atvikum koma í veg fyrir eigin hagsmunaárekstra.*

Fylgni við lög og reglur

Starfsmönnum ber ávallt að fylgja lögum, innri reglum Fossa og öðrum viðeigandi viðmiðum sem eiga við um störf Fossa hverju sinni. Séu starfsmenn í vafa um túlkun á lögum eða reglum skal leita til regluvarðar.

*Starfsmenn þekkja lög og reglur sem gilda um starfsemi Fossa.
Starfsmenn tilkynna regluverði um brot eða grun um brot á lögum og eða reglum.
Starfsmenn leita til regluvarðar eða eftir atvikum næsta yfirmanns ef vari er um túlkun á lögum eða reglum.*

Vinnustaðurinn

Áhættumening

Allir starfsmenn Fossa skulu vera meðvitaðir um þá áhættuþætti sem felast í starfi þeirra og sjá til þess að fara ekki út fyrir þann áhættuvilja og áhættumörk, sem skilgreind eru af stjórn Fossa.

*Starfsmenn stuðla að áhættuvitund í gegnum sterka áhættumeningu.
Starfsmenn þekkja sín áhættumörk og áhættuvilja Fossa og taka ákvarðanir í samræmi við það og með orðspor Fossa í huga.
Starfsmenn fara ekki út fyrir skilgreind áhættumörk.*

Starfsumhverfi og hegðun á vinnustað

Gott starfsumhverfi stuðlar að aukinni vellíðan á vinnustað og góðum starfsanda. Fossum er umhugað um velferð starfsfólks síns og leggur því áherslu á að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að vellíðan í starfi.

Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og umburðarlyndi. Starfsmenn skulu leggja sig fram við að skapa uppbyggilegt starfsumhverfi þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti eða annarri vanvirðandi framkomu.

Starfsmenn skulu ávallt huga að almenntri snyrtimennsku og ganga snyrtilega um vinnustaðinn.

*Starfsmenn koma fram við aðra af virðingu.
Starfsmenn hafna einelti, áreiti og ósæmilegri hegðun.
Starfsmenn starfa ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.*

Jafnræði

Gæta skal jafnræðis í starfsemi Fossa, þ.e. að fólki sé ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar, litarháttar, þjóðernis, uppruna, tungumáls, trúarbragða eða trúarskoðana, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, fötlun, aldurs, kynhneigðar eða stöðu að öðru leyti. Gæta skal þess að hvorki starfsfólki né viðskiptavinum sé mismunað á þann hátt.

Fossar skulu tryggja jöfn tækifæri fyrir starfsfólk sitt, óháð kyni. Jafnframt skal stefnt að því að jafna hlutfall þess kyns sem hallar á í stjórnendastöðum innan Fossa.

*Starfsmenn hafna hvers konar mismunun.
Verði starfsmaður var við mismunun eða aðra ósæmilega hegðun skal gera viðeigandi ráðstafanir.*

Samfélagið

Það er markmið Fossa að vera í fararbroddi íslenskra fyrirtækja í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni.

Fossar leggja áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í rekstri sínum, skapa heilbrigðan, öruggan og uppbyggilegan starfsvettvang og stuðla að góðum og heilbrigðum stjórnarháttum. Félagið er meðvitað um mikilvægi ábyrgra fjárfestinga og miða að því að miðla fjármagni í þágu verkefna sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Fossar hafa sett sér sjálfbærnistefnu sem starfsmönnum ber ávallt að hafa leiðarljósi í störfum sínum.

*Fossar axla samfélagslega ábyrgð.
Starfsmenn huga að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð við ákvarðanatöku.
Starfsmenn þekkja sjálfbærnistefnu Fossa.*

Eftirlit, viðurlög og gildistaka

Regluvörður hefur eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt.

Komi upp siðferðileg álitæfni í starfsemi Fossa skulu starfsmenn ráðfæra sig við regluvörð um úrlausn þeirra. Regluvörður skal skrá álitæfni sem upp koma og gera stjórn grein fyrir úrlausn þeirra.

Reglurnar skulu kynntar fyrir öllum nýjum starfsmönnum og vera hluti af handbók starfsmanna. Regluvörður skal jafnframt sjá til þess að starfsmenn séu áminntir um tilvist reglnanna og efni þeirra með reglulegu millibili.

Gerist starfsmaður brotlegur við siðareglur þessar, eða að öðru leyti sýnir af sér óásættanlega hegðun að mati stjórnar Fossa, geta afleiðingar verið áminning, eða eftir atvikum uppsögn úr starfi. Í samræmi við alvarleika brots eða ítrekuð brot, getur starfsmanni verið vikið fyrirvaralaust úr starfi.

Siðareglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar.

Samþykkt af stjórn Fossa markaða hf. þann 31. maí 2022.